

Fundur Myndlistarráðs

Fundur nr. 1/2019

Mánudagur, 26. ágúst kl 10:00

Gimli, Lækjargötu

Mættir á fundinn eru Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðifélag Íslands), Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Björg Stefánsdóttir (KÍM) og Laufey Jakobsdóttir, verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

Gögn afhent á fundi: *Myndlistarlög, Reglur um úthlutun styrkja úr myndlistarsjóði, Verklag við úthlutun úr myndlistarsjóði.*

Fundur settur kl 10:05

1. Kynning á starfsemi Myndlistarráðs

Framkvæmdastjóri KÍM kynnir starfsemi Myndlistarráðs fyrir nýskipuðu ráði. Ráðið er nú skipað í þriðja sinn.

Umræður:

- i. Fjárlög 2020 og áætluð hækkun á stöðu myndlistarsjóðs árið 2020. Í fylgiriti með fjárlögum 2019 er áætlað að myndlistarsjóður hækki umtalsvert, og verði 100,4 millj.kr árið 2020. Þessu þarf að fylgja eftir og er ákveðið er að senda mennta og menningarmálaráðherra, Lilju Alfreðsdóttur erindi þess efnis á meðan að vinna við nýju fjárlögin stendur yfir.
- ii. Fyrirhuguð sameining kynningarmiðstöðva og hugmyndir að nýrri Myndlistarstofu. Ráðið þyrfti að taka afstöðu til þessa sem fyrst og í kjölfarið senda fyrirspurn til mennta- og menningarmálaráðuneytissins. Ákveðið er að verkefnastjóri taki til efni og haldinn verði umræðufundur í kjölfarið. Stungið er upp á að skipuleggja fund með stjórn KÍM á haustmánuðum.

2. Staða myndlistarsjóðs og síðari úthlutun 2019

Verkefnastjóri fer yfir stöðu og útgjöld sjóðsins á árinu. Að þessu sinni bárust alls 142 umsóknir í sjóðinn og sótt var samtals um 100 millj. kr. Ákveðið er að úthluta 21,5 millj.kr að þessu sinni.

Skipting í flokka er eftirfarandi:

Aðrir styrkir	1.000.000
Minni sýningarverkefni	3.200.000
Stærri sýningarverkefni	11.500.000
Undibúningsstyrkir	1.600.000
Útgáfa og rannsóknarstyrkir	4.300.000

Ákveðið er að Guðrún Erla Geirsdóttir og Hlynur Helgason taki sæti í matsnefnd sýningarverkefna fyrir hönd ráðsins.

Kynningarfundur matsnefnda verður haldinn föstudaginn 26.08, kl 10 í Gimli.

3. Önnur mál

i. Greinargerð vegna Íslenska skálans í feneyjum

Tekin var fyrir greinargerð vegna Íslenska skálans í Feneyjum 2019 en verkefnið hlaut styrk úr myndlistarsjóði í fyrri úthlutun á árinu.

Í greinargerðinni er gert ráð fyrir að nota hluta fjárhæðar í kostnað sem ekki er innan þess ramma sem til er ætlast. Ákveðið var að gera ekki athugasemd við umrædda greinargerð þar sem að umsóknin er þegar samþykkt. Í framhaldi er rætt hvernig bæta megi ferlið með það í huga að gera umsækjendum auðveldara fyrir við gerð kostnaðaráætlana. Þá væri gagnlegt að útbúa grind að kostnaðaráætlun með tilbúnum flokkunarliðum, að fyrirmynd norrænna styrktarsjóða.

Fundi slitið kl 11:00.

